



HRUNAMANNAHREPPUR

25. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 4. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. APRÍL 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 12. apríl 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2011. Fyrri umræða.
2. KPMG. Endurskoðunarskýrsla.
3. Vinir Kerlingarfjalla: Tilnefning í undirbúningshóp um stofnun hollvinasamtaka fyrir Kerlingarfjöll.
4. JP lögmenn. Krafa um afturköllun eignarnámsákvæðana.
5. Orkustofnun. Beiðni um umsögn um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá.
6. Landssamtökin Þroskahjálp: Beiðni um lækkun fasteignagjalda.
7. Samningur um refa- og minkaveiðar.
8. Krakkaskak.is: Styrkbeiðni.
9. Skipun Ruslamálaráðherra.
10. Skipun í 17. júní nefnd.
11. Samband orkusveitarfélaga.
12. Umsögn og kostnaðarmat Sambands íslenskra Sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á úrgangslögum.
13. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.
14. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.
15. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.
16. Aðsókn í sundlauginu á Flúðum 2011.
17. Árskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2011.
18. Sameiginlegt skóla- og æskulýðsþing þann 17. apríl nk.
19. Skýrsla um skólastarf í Hrunamannahreppi. Staða og framtíðarsýn.
20. Starfsmaður í Heimalandi.
21. Hestmannafélagið Smári: Samningur um framlag til reiðvega.
22. Iðnaðarráðuneytið: Beiðni um athugasemdir við þingsályktun vegna stefnu um lagningu raflína í jörð.
23. Drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna.
24. Forsætisráðuneytið: Fundur um þjóðlendumál 21. maí n.k. Beiðni um upplýsingar.
25. Aðalskipulag: Dalbær 3.
26. Deiliskipulag: Hótelstöð.
27. Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi.
28. Bílakaup veitustjórnar.
29. Tengsl stjórnenda og nefndarmanna við starfsmenn sveitarfélagsins.
30. Næsti fundur hreppsnefndar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

31. Veitustjórn: Fundargerð 18. fundar frá 26. mars s.l.
32. Fræðslunefnd: Fundargerð 15. fundar vegna Flúðaskóla frá 2. apríl s.l.
33. Fræðslunefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Undralands frá 2. apríl s.l.
34. Fræðslunefnd: Fundargerð 6. fundar vegna æskulýðsmála frá 2. apríl s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- 35.45. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. mars s.l., 78. afgreiðslufundur frá 7.mars s.l og afgreiðsla mála á milli funda.
- 36. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita og Flóa: Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 22. mars s.l.
- 37. Velferðarnefnd Árnespings. Fundargerð 6. fundar frá 18. janúar s.l.
- 38. Velferðarnefnd Árnespings. Fundargerð 8. fundar frá 28. mars s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 213. stjórnarfundar frá 6. mars s.l.
- b. SASS: Fundargerð 454. stjórnarfundar frá 9. mars sl.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 139. fundar frá 24. febrúar s.l.
- d. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. :Fundargerð aðalfundar frá 22. mars s.l.

Kynningarmál:

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 794. stjórnarfundar frá 24. febrúar sl.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 795. stjórnarfundar frá 16. mars sl.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð XXVI. landsþings frá 23. mars s.l.
- h. Orkustofnun: Nýtingarleyfi á köldu vatni.
- i. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum. Svar við fyrirspurn.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarreglur vegna barna á leikskólum utan lögheimilissveitarfélaga.
- k. Árborg: Skipting jöfnunarsjóðsframlags milli sveitarfélaga vegna nemenda í framhaldsnámi í Tónlistarskóla Árneseinga og Tónkjallaranum.
- l. Innanríkisráðuneytið: Efling sveitarstjórnarstigsins. Vinnuskjal og tillögur.
- m. Þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti.
- n. SASS: Afsláttur til námsmanna vegna almenningssamgangna og sala farmiða.
- o. Landgræðslufélag Hrunamanna: Fundargerð aðalfundar og stjórnarfundar frá 29. febrúar s.l.
- p. Félag eldri Hrunamanna: Starfsskýrsla s.l. árs.
- q. Fræðslunefnd: Skipun starfshóps til undirbúnings sameiginlegu skólalæpingi fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- r. Innanríkisráðuneytið: Skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.
- s. Skipulagsstofnun: Lýsing landskipulagsstefnu 2013-2024.
- t. Vinnuálastofnu: Átak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.
- u. Umhverfisstofnun: Umsagnarferli vegna undanþágu á laugargæslu.
- v. Upplit: Þakkir og ósk um samstarf.
- w. Ályktun Búnaðarþings um tvöfalda búsetu.
- x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ný þingmál sem snerta sveitarfélögin.

Fundir framundan:

- y. Skóla- og æskulýðsþing 17. apríl n.k.
- z. Skipulagsstofnun: Samráðsfundur 26. og 27. apríl n.k.
- aa. Forsætisráðuneytið: Fundur um þjóðlendumál 21. maí n.k.

Skýrsla á skrifstofu:

- bb. Markaðsstofa Suðurlands: Ársreikningur 2011.
- cc. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árskýrsla 2011.
- dd. Lánasjóður sveitarfélaga ohf: Ársreikningur 2011.
- ee. Landsnet: Kerfisáætlun 2012-2016.
- ff. Landmælingar Íslands: Árskýrsla 2011.
- gg. Rarik: Árskýrsla 2011.

Gengið til dagskrár:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2011. Fyrri umræða.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2011 ásamt sundurliðunum til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.

2. **KPMG. Endurskoðunarskýrsla.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mætti einnig á fundinn undir þessum lið. Lögð var fram endurskoðunarskýrsla KPMG fyrir árið 2011. Einar fór yfir helstu efni skýrslunnar. Einari þakkað fyrir yfirferðina í lið 1 og 2.
3. **Vinir Kerlingarfjalla: Tilnefning í undirbúningshóp um stofnun hollvinasamtaka fyrir Kerlingarfjöll.**
Oddviti kynnti efni fundar um stofnun hollvinasamtaka fyrir Kerlingarfjöll. Var þar ákveðið að Hrunamannahreppur, Landvernd og Fannborg skipi hver sinn fulltrúa í undirbúningshóp. Hreppsnefnd skipar Halldóru Hjörleifsdóttur sem fulltrúa sinn í undirbúningshópinn.
4. **JP lögmenn. Krafa um afturköllun eignarnámsákvarðana.**
Oddviti kynnti bréf frá JP lögmönnum þar sem krafist er að hreppsnefnd Hrunamannahrepps afturkalli tvær eignarnámsákvarðanir að kröfu eigenda Reykjarbakka. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við lögmann sveitarfélagsins í málinu um framhald þess með það í huga að funda með hagsmunaaðilum.
5. **Orkustofnun. Beiðni um umsögn um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna umsóknar Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd óskar eftir fundi með Landsvirkjun og Orkustofnun um málið áður en umsögn verður veitt.
6. **Landssamtökin Þroskahjálpar: Beiðni um lækun fasteignagjalda.**
Oddviti kynnti beiðni um lækun fasteignagjalda frá Landssamtökum Þroskahjálpar vegna Akurgerðis 10. Hreppsnefnd getur ekki orðið við þessari beiðni.
7. **Samningur um refa- og minkaveiðar.**
Oddviti kynnti drög að samningum Hrunamannahrepps um refa- og minkaveiði, annars vegar við Jón Óla Einarsson og Guðna Guðbergsson og hins vegar Sigurð Hans Jónsson og Böðvar Thorsteinson. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá ofangreindum samningum.
8. **Krakkaskak.is: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnt bréf frá framkvæmdastjóra krakkaskak.is þar sem þeir biðja um frjálst fjárframlag frá hreppnum til styrktar skákkennslu barna. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
9. **Skipun Ruslamálaráðherra.**
Hreppsnefnd samþykkir að skipa Kristján Garðar Þórðarson sem ruslamálaráðherra fyrir árið 2011.
10. **Skipun í 17. júní nefnd.**
Hreppsnefnd samþykkir að skipa Björn Hreiðar Björnsson í 17. júní nefnd næstu 2 árin.
11. **Samband orkusveitarfélaga.**
Oddviti kynnti stofnun sambands orkusveitarfélaga og lögð var fram fundargerð stofnfundar frá 25. nóvember s.l., fundargerðir stjórnar frá 16. desember og 17. febrúar s.l., samþykktir félagsins og minnisblað frá 23. febrúar s.l. Hreppsnefnd samþykkir árgjald sambands orkusveitarfélaga kr. 100.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lækun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun.
12. **Umsögn og kostnaðarmat Sambands íslenskra Sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á úrgangslögum.**
Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra Sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á úrgangslögum og kostnaðarmat vegna sama frumvarps. Jafnframt var lögð fram umsögn Bláskógabyggðar um frumvarpið. Hreppsnefnd tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bláskógabyggðar við frumvarpið.
13. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um málefni innflytjenda.

14. **Velferðarnefnd Alþingis Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunnar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Hreppsnefnd tekur undir með flutningsmönnum að auka beri þátttöku sveitarfélaga í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.
15. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.
16. **Aðsókn í sundlaugina á Flúðum 2011.**
Oddviti kynnti aðsóknartölur að sundlauginni frá síðasta ári. Fram kom að alls voru 15.178 komur í sundlaugina á árinu 2011 sem lítilsháttar fækkun frá árinu 2010.
17. **Árskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2011.**
Oddviti kynnti ársskýrslu Bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1.350 og lánaðar voru út rúmar 3.400 bækur yfir árið. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 409 bækur og af alls 229 lánþegum. Hreppsnefnd þakkar forstöðumanni bókasafnsins fyrir góða skýrslu.
18. **Sameiginlegt skóla- og æskulýðsþing þann 17. apríl nk.**
Oddviti kynnti sameiginlegt skóla- og æskulýðsþing fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem haldið verður í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 17. apríl n.k. kl. 15:30. Hreppsnefnd hvetur alla íbúa til að mæta á þingið.
19. **Skýrsla um skólastarf í Hrunamannahreppi. Staða og framtíðarsýn.**
Undir þessum lið vikur Unnsteinn sæti og Þorleifur Jóhannesson mætir í hans stað. Oddviti kynnti skýrslu sem unnin var af Óskari J. Sandholt um skólastarf í Hrunamannahreppi þar sem fjallað var um stöðu og framtíðarsýn. Hreppsnefnd þakkar fyrir góða skýrslu og vísar henni til frekari umföllunar í hreppsnefnd þegar fjallað verður frekar um framtíð skólamála sveitarfélagsins.
20. **Starfsmaður í Heimalandi.**
Oddviti kynnti uppsögn Þorbjargar Huguðóttur (Systu) á starfi starfsmanns í Heimalandi en hún hættir störfum í sumar. Hreppsnefnd þakkar Systu fyrir vel unnin störf í þágu aldraða í gegn um árinu.
21. **Hestmannafélagið Smári: Samningur um framlag til reiðvega.**
Oddviti kynnti drög að samningi við hestmannafélagið Smára um framlag hreppsins vegna reiðvega næstu þrjú árin. Hreppsnefnd samþykkir að veita árlega næstu þrjú árin kr. 850.000 sem mótframlag á móti reiðvegafé frá Landsambandi Hestmannafélaga og felur sveitarstjóra að undirrita samning við hestmannafélagið. Samþykkt þessi felur í sér hækkun á framlagi sveitarfélagsins um kr. 350.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun.
22. **Iðnaðarráðuneytið: Beiðni um athugasemdir við þingsályktun vegna stefnu um lagningu raflína í jörð.**
Oddviti kynnti beiðni Iðnarráðuneytisins um athugasemdir við þingsályktun vegna stefnu um lagningu raflína í jörð. Hreppsnefnd hvetur til þess að sem flestar raflínur verði lagðar í jörð í framtíðinni.
23. **Drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Árnæssýslu austan vatna.**
Oddviti kynnti drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Árnæssýslu austan vatna. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að nýrri fjallskilasamþykkt en óskað er eftir skyringum á því að réttartími sé óbreyttur frá því sem verið hefur.
24. **Forsætisráðuneytið: Fundur um þjóðlendumál 21. maí n.k. Beiðni um upplýsingar.**
Oddviti kynnti beiðni Forsætisráðuneytisins um gögn vegna fundar um þjóðlendumál á Selfossi þann 21. maí n.k. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að taka saman gögn vegna málsins.
25. **Aðalskipulag: Miðfell 3.**
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 fyrir spildu úr landi Miðfells 3. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu á svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Á þessari spildu er fyrirhugað að reisa gistiheimili/hótel.

Lýsing skipulagsverkefnis skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga n r. 123/2010 var kynnt hagsmunaaðilum auk þess sem leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar. Ein athugasemd barst við lýsinguna og hefur verið komið til móts við hana með breytingum á aðkomu.

Skipulagsfulltrúa er falið að kynna aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk þess að leita umsagnar Fornleifaverndar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar.

26. Deiliskipulag: Hótel Flúða.

Lagt fram erindi Hótel Flúða dags. 10. apríl 2012 þar sem óskað er eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða á svæði sem nær til lóðar hótelsins. Óskað er eftir að afmarkaðir verði byggingarreitir bæði norðan og sunnan megin við núverandi hótélbyggingu. Á reit merktur A, sunnan megin hótels, er gert ráð fyrir að reist verði allt 30 tveggja stjörnu herbergi (einingar) en á reit B, norðan megin hótels, er gert ráð fyrir allt að 30 þriggja til fjögurra stjörnu herbergjum. Stækkun yrði framkvæmd í 2-4 áföngum og yrði fyrst byrjað á um 20 herbergjum innan byggingarreits A.

Hreppsnefnd samþykkir að gera breytingu á gildandi deiliskipulagi á þann veg að gert verði ráð fyrir stækkun byggingarreits sunnan megin við hótelið til samræmis við drög að deiliskipulagi fyrir Lambatanga og grennd, þannig að 20 herbergja eining rúmist þar innan.

27. Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi.

Oddviti kynnti tillögu um að útnefndur verði íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi sem tilkynnt verði um þann 17. júní n.k. Hreppsnefnd skipar nefnd sem myndi velja viðkomandi aðila eftir tilnefningar félaga og klúbba sem eiga aðild að ÍSÍ. Í nefndinni væru sveitarstjóri, fulltrúi UMFH og fulltrúi íþróttakennara í Flúðaskóla.

28. Bílakaup veitustjórnar.

Oddviti kynnti erindi frá Gunnari og Esther þar sem fram koma mótmæli við samþykkt veitustjórnar um val á bifreið vegna endurnýjunar á bifreið fyrir Hitaveitu Flúða. Á fundinn mætir Hannibal Kjartansson veitustjóri og gerir grein fyrir kaupunum. Esther og Gunnar vilja bóka mótmæli við samþykkt meirihluta veitustjórnar um að kaupa nýjan Ford 350 fyrir Hitaveitu Flúða. Bíllinn sem hitaveitan á núna er ekki ekinn nema um 100 þús. km. og á mikið eftir. Það þarf að gera við hann sem flokkast undir eðlilegt viðhald. Ekki er gert ráð fyrir í fyrirhuguðum kaupum að hægt sé að láta gamla bílinn upp í nýjan, og alls ekki sjálfgefið að hægt sé að losna við þann gamla fyrir ásættanlegt verð. Ódýrast og fullnægjandi er að eiga gamla bílinn áfram. Ef kaupa á nýjan bíl væri eðlilegra að kaupa ódýrari bíl sem er ódýrari í rekstri.

Meirihluti hreppsnefndar vill upplýsa í þessu sambandi að þegar búið er að draga frá VSK og væntanlegt söluverð af eldri bifreið frá muni kostnaður verða í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlun Hitaveitunnar. Jafnframt er bent á að hin nýja bifreið eyðir mun minna eldsneyti, er umhverfisvænni og fjárhagslegt hagræði sé af því endurnýja bifreiðina á þessu tímapunkti þar sem eldri bifreið er að fullu afskrifuð. Einnig er bent á að væntanlegar breytingar á vörugjöldum í vor hefðu í för með sér að umrædd bifreið myndi hækka verulega. Þá er á það bent að nauðsynlegt er fyrir sveitarfélagið að eiga öflugan tækjabíl vegna samnýtingar við Slökkvilið Hrunamanna og annara veitna sveitarfélagsins.

29. Tengsl stjórnenda og nefndarmanna við starfsmenn sveitarfélagsins.

Undir þessum lið vikur Unnsteinn sæti og Þorleifur Jóhannesson mætir í hans stað. Oddviti kynnti erindi frá Esther og Gunnari þar sem þau gera athugasemdir til hreppsnefndar vegna tengsla stjórnenda og nefndarmanna við starfsmenn sveitarfélagsins. Þau gera eftirfarandi athugasemd vegna tengsla Unnsteins L. Eggertssonar í Fræðslunefnd vegna leikskóla. Eiginkona Unnsteins, Halldóra, hefur verið starfandi leikskólastjóri um nokkurt skeið og hefur Unnsteinn starfað í fræðslunefnd á sama tíma. Við teljum þessi tengsl óheppileg einkum nú þegar verið er að fjalla um skólaskýrslu en þar er m.a. fjallað um stöðu leikskólastjóra. Hreppsnefnd tekur fram að Unnsteinn hefur ekki haft áhrif á vinnu og meðferð skýrslu um skólastarf í Hrunamannahreppi.

30. Næsti fundur hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

31. **Veitustjórn: Fundargerð 18. fundar frá 26. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar veitustjórnar. Þar var fjallað um tillögu að hönnun borholuhúsa. Farið yfir umsóknir um kalt vatn, lagfæringu á hitaveitu í Laxárdal, endurnýjun á bílakosti veitunnar og önnur mál. Meiri hluti hreppsnefndar samþykkir fundargerðina. Esther og Gunnar samþykkja fundargerðina nema lið 4 og vísa í því sambandi til liðar 28.
32. **Fræðslunefnd: Fundargerð 15. fundar vegna Flúðaskóla frá 2. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra og fyrirhugað skóla- og æskulýðsþing. Fjallað var um skýrslu Óskars Sandholts um skólastarf í Hrunamannahreppi og farið yfir önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
33. **Fræðslunefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Undralands frá 2. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar fræðslunefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, möguleika á vistun yngri barna frá 12 mánaða aldri, námsferð til Skotlands og beiðni um undanþágu um vistun. Einnig var fjallað um fyrirhugað skóla- og æskulýðsþing, skýrslu um skólastarf í Hrunamannahreppi og önnur mál. Hreppsnefnd felur leikskólustjóra að skila til hreppsnefndar kostnaðarútreikningi hvað það kosti sveitarfélagið aukalega að taka inn börn frá 12 mánaða aldri og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.
34. **Fræðslunefnd: Fundargerð 6. fundar vegna æskulýðsmála frá 2. apríl s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð 6. fundar fræðslunefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns og starfsáætlun fyrir 2011-2012. Rætt var um samstarf skóla og félagsmiðstöðvar, farið var yfir forvarnarstarf, fjallað um fyrirhugað skóla- og æskulýðsþing 17. apríl n.k. og starfsmannamál rædd. Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að athuga í samráði við Skeiða- og Gnúverjahrepp möguleika á áframhaldandi ráðningu forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

35. **45. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. mars s.l., 78. afgreiðslufundur frá 7. mars s.l og afgreiðsla mála á milli funda.**
Oddviti lagði fram fundargerð 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 22. mars s.l. en þar var farið yfir 5 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 10, fundargerð 78. afgreiðslufundar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. mars til 22. mars þar sem tekin voru fyrir 3 mál sem tengdust Hrunamannahreppi. Mál nr. 14, tillaga að deiluskipulagi á frístundasvæði í landi Syðra-Langholts 2 sem nefnist Vesturhlíð þar sem samþykkt var að auglýsa tillöguna. Mál nr. 15, tillaga að breytingu á deiluskipulagi í Dalabyggð þar sem samþykkt var að leita eftir undanþágu Umhverfissráðuneytis samhliða grenndarkynningu. Mál nr. 16. þar sem lagt var fram lóðablað sem sýnir nýja íbúðarhúsalöð Ásgerði 1 úr landi Ásgerðis og landskipti samþykkt. Mál nr. 17 þar sem lagt var fram lóðablað sem sýnir 8,8 ha spildu úr landi Ásgerðis og landskipti samþykkt. Mál nr. 18 þar sem óskað er eftir heimild til að sameina Breiðás inn í Ásgerði og var það samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.
36. **Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita og Flóa: Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 22. mars s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð 9. stjórnarfundar. Ársreikningur byggðasamlagsins lagður fram, heimasíða embættis skipulags- og byggingarfulltrúa, aðalfundur byggðasamlagsins og önnur mál rædd. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
37. **Velferðarnefnd Árnespings. Fundargerð 6. fundar frá 18. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar Velferðarnefndar Árnespings. Trúnaðarmál. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
38. **Velferðarnefnd Árnespings. Fundargerð 8. fundar frá 28. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar Velferðarnefndar Árnespings. Farið var yfir trúnaðarmál, félagsmálastjóri lagði fram drög að jafnréttisstefnu Velferðarnefndar Árnespings 2012-2014 sem myndi gilda fyrir öll sveitarfélögin á starfssvæðinu og leyfi til daggæslu í heimahúsi. Hreppsnefnd frestar afgreiðslu jafnréttisstefnunar en samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 213. stjórnarfundar frá 6. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 454. stjórnarfundar frá 9. mars sl. Lagt fram til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 139. fundar frá 24. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. :Fundargerð aðalfundar frá 22. mars s.l. Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 794. stjórnarfundar frá 24. febrúar sl. Lagt fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 795. stjórnarfundar frá 16. mars sl. Lagt fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð XXVI. landsþings frá 23. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- h. Orkustofnun: Nýtingarleyfi á köldu vatni. Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum. Svar við fyrirspurn. Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarreglur vegna barna á leikskólum utan lögheimilissveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- k. Árborg: Skipting jöfnunarsjóðsframlags milli sveitarfélaga vegna nemenda í framhaldsnámi í Tónlistarskóla Árnesinga og Tónkjallaranum. Lagt fram til kynningar.
- l. Innanríkisráðuneytið: Efling sveitarstjórnarstigsins. Vinnuskjal og tillögur. Lagt fram til kynningar.
- m. Þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti. Lagt fram til kynningar.
- n. SASS: Afsláttur til námsmanna vegna almenningssamgangna og sala farmiða. Lagt fram til kynningar.
- o. Landgræðslufélag Hrunamanna: Fundargerð aðalfundar og stjórnarfundar frá 29. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- p. Félag eldri Hrunamanna: Starfsskýrsla s.l. árs. Lagt fram til kynningar.
- q. Fræðslunefnd: Skipun starfshóps til undirbúnings sameiginlegu skólaþingi fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Lagt fram til kynningar.
- r. Innanríkisráðuneytið: Skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Lagt fram til kynningar.
- s. Skipulagsstofnun: Lýsing landskipulagsstefnu 2013-2024. Lagt fram til kynningar.
- t. Vinnumálastofnun: Átak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Lagt fram til kynningar.
- u. Umhverfisstofnun: Umsagnarferli vegna undanþágu á laugargæslu. Lagt fram til kynningar.
- v. Upplit: Þakkir og ósk um samstarf. Lagt fram til kynningar.
- w. Ályktun Búnaðarþings um tvöfalda búsetu. Lagt fram til kynningar.
- x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ný þingmál sem snerta sveitarfélögin. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- y. Skóla- og æskulýðsþing 17. apríl n.k. Lagt fram til kynningar
- z. Skipulagsstofnun: Samráðsfundur 26. og 27. apríl n.k. Lagt fram til kynningar
- aa. Forsætisráðuneytið: Fundur um þjóðlendumál 21. maí n.k. Lagt fram til kynningar

Skýrslur á skrifstofu:

- bb. Markaðsstofa Suðurlands: Ársreikningur 2011. Lagt fram til kynningar.
- cc. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árskýrsla 2011. Lagt fram til kynningar.
- dd. Lánasjóður sveitarfélaga ohf: Ársreikningur 2011. Lagt fram til kynningar.
- ee. Landsnet:Kerfisáætlun 2012-2016. Lagt fram til kynningar
- ff. Landmælingar Íslands: Árskýrsla 2011. Lagt fram til kynningar.

gg. Rarik: Árskýrsla 2011 Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.18:50.